

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2019
UST201907-254/B.S.
10.05.01

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skeiða- og Hrunamannavegur – Gýgjarhólskot.
Frekari Umsögn**


Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. nóvember sl. ásamt nýrri greinargerð Vegerðarinnar um námu við Brúarhlöð, en Umhverfisstofnun taldi í umsögn dags. 22. ágúst sl. að leggja þyrfti fram betur mótaðar hugmyndir um frágang námunnar til að unnt væri að gefa umsögn um umhverfisáhrif efnistökkunnar. Ráðgert er að taka 40.000 m³ úr námunni.


Fyrirhuguð efnistaka er innan svæðis nr. 737 á náttúruminjaskrá og er verdargildi svæðisins talið vera: *Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.*

Í fyrri umsögn taldi Umhverfisstofnun að leggja ætti meiri metnað í áætlun um efnistöku og umgengni á þessu svæði og í stað þess að vísa til samráðs við landeiganda ætti Vegagerðin að leggja fram metnaðarfulla áætlun um efnistökkuna og hvernig viðskilnaði við svæðið verði háttað. Ekki bárust ný áform um að draga úr áhrifum efnistökkunnar hvorki með vandaðri hönnun námunnar né með því að minnka það efnismagn sem ráðgert er að taka.

Umhverfisstofnun telur að svo mikil efnistaka sem ráðgerð er gæti hafa verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér á svæði sem er fallett og landþröng mikil þannig að allt rask verður mjög sýnilegt og þar með haft neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Þarna ætti alfarið að hætta efnistöku eða draga verulega úr því magni sem ráðgert er að taka og leggja að landeiganda að hætta einnig efnistöku til eigin nota á þessum stað.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur